



**HAFNARFJÖRÐUR**

Hafnarfjörður 31.5.2018  
Málsnr. 1805630

### **Umsögn vegna fyrirspurnar**

Þann 30.5.2018 leggur Kristín Björg Flygenring inn fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa. Óskað er eftir að stækka húsið við Fjólúás 24. Með erindinu fylgja skissur KRark arkitekta er gera grein fyrir stækkuninni.

Í skilmálum skipulagsins segir í greinagerð um einbýlishús: "Heimilt er að reisa einbýlishús á 1 og 2 hæðum ásamt sambyggðri bílgeymslu. Ekki er heimild til að byggja ofaná bílgeymslu. Hámarks vegg hæð bílgeymslu er 4,5m yfir kóta aðkomuhæðar."

Ljóst er að innan hverfisins hefur þessum ákvæðum reglugerðar ekki verið fylgt eftir og til eru samþykktar teikningar af einbýlishúsum er sýna fram á það.

Í ljósi þessa verður erindið grenndarkynnt aðliggjandi lóðarhöfum í samræmi við 1.mgr. 2.gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði. Grenndarkynnt er í 4 vikur. Á þeim tíma er umsækjendum heimilt að kanna hvort þeir sem erindið fengu hafi einhverjar athugasemdir. Með því móti má stytta ferli grenndarkynningar.

Ef engar athugasemdir berast má leggja inn aðalteikningar vegna breytinganna. Ef athugasemdir eru gerðar ber skipulagsfulltrúa að svara þeim.

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt